

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. október 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-16/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 20. mars 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið og síðar viðgerðar á bifreiðinni hjá Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi keypti bifreiðina nýja hjá seljanda þremur árum áður og segir bifreiðina gallaða. Krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu á greiddum viðgerðarkostnaði þar sem seljandi hafi átt að bera ábyrgð á bifreiðinni í fimm ár vegna galla.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 27. mars 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi skilaði andsvörum sínum þann 10. apríl 2017. Neftndinni bærust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 22. september 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni BMW X3, árgerð 2014, nýja af seljanda 1. júlí árið 2014. Þann 9. mars 2017 fór álitsbeiðandi með bifreiðina í viðgerð hjá seljanda þar sem fjarlægðarskynjarar og bakmyndavél höfðu hætt að virka. Álitsbeiðandi segir seljanda hafa tjáð sér að sambandsleysi í kerfinu hafi valdið biluninni og gerði við bifreiðina. Seljandi taldi að hann bæri ekki ábyrgð á biluninni þar sem ábyrgðartími væri aðeins tvö ár og krafði álitsbeiðanda um greiðslu fyrir viðgerðina, að fjárhæð 44.975 krónur. Álitsbeiðandi greiddi reikninginn með fyrirvara um að álitsbeiðandi teldi bifreiðina vera í ábyrgð og kvaðst munu skoða rétt sinn.

Álitsbeiðandi krefst endurgreiðslu á viðgerðarkostnaðinum fyrir kæruneftndinni þar sem tveggja ára ábyrgð standist ekki gagnvart 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, enda hljóti flestir hlutar bifreiðar að eiga að endast lengur en tvö ár.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er tekið fram að framleiðsluábyrgð bifreiðarinnar sé tvö ár líkt og fram komi í ábyrgðarskilmálum hennar. Þegar viðgerðin fór fram var bifreiðin tveggja ára og átta mánaða og hafi ábyrgðin því verið fallin úr gildi þar sem henni hafi lokið þann 1. júlí 2016. Þá hafnar seljandi að rafmagnstengjum bifreiða sé ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti og falli því ekki undir fimm ára kvörtunarfrest.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 nýja af seljanda þann 1. júlí árið 2014. Í mars árið 2017, um það bil tveimur árum og átta mánuðum eftir kaupin, biluðu fjarlægðarskynjarar og bakkmyndavél bifreiðarinnar vegna sambandsleysis í kerfinu. Álitsbeiðandi telur að seljanda hafi borið að gera við bifreiðina á eigin kostnað, þar sem hlutar hennar eigi að endast lengur en aðeins tvö ár. Seljandi framkvæmdi viðgerðina en telur bifreiðina ekki í ábyrgð þar sem meira en tvö ár hafi verið liðin frá kaupunum og því hafi ábyrgð framleiðanda ekki lengur verið í gildi. Í þessu samhengi vill kæruneftndin taka fram að lög nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) gilda um viðskipti aðila. Í 2. mgr. 27. gr. laganna er fjallað um fresti neytenda til að bera fyrir sig galla, en þar segir:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.“

Sem fyrr segir kvartaði álitsbeiðandi undan galla við seljanda um tveimur árum og átta mánuðum eftir að kaupin fóru fram. Kæruneftndin álítur að rafmagnsbúnaður bifreiða eigi almennt að endast lengur en tvö ár og fellst á það með álitsbeiðanda að kvörtunarfrestur í málinu sé allt að fimm ár. Hefur álitsbeiðandi því að mati kæruneftndarinnar borið fyrir sig galla á bifreiðinni innan þess tímafrest sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. nkpl. Liggur því næst að meta hvort um galla sé að ræða í skilningi nkpl.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 15. gr. Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað, sbr. b-liður 2. mgr. ákvæðisins. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Um vandaða bifreið er að ræða sem var aðeins tveggja ára og átta mánaða þegar bilunin kom fram. Kæruneftndin telur að rafmagnsbúnaður fjarlægðarskynjara og bakkmyndavélar í bifreiðinni hafi enst í mun skemmri tíma en álitsbeiðandi mátti gera kröfu um við kaupin. Þá liggur ekkert fyrir í málinu um að bilun bifreiðarinnar megi rekja til atriða sem varða álitsbeiðanda. Að mati kæruneftndarinnar var bifreiðin því haldin galla í skilningi b-liðar 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. laganna við kaupin. Meta verður kröfu álitsbeiðanda um endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar sem kröfu um úrbætur samkvæmt 1. mgr. 29. gr. nkpl. og er fallist á kröfu álitsbeiðanda um endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar.

VI

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda 44.975 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson